

## STJÓRN SORPU BS.

Ár 2016, föstudaginn 19 ágúst var haldinn 365. stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.11:30. Mætt voru: Halldór Auðar Svansson, Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Sturla Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri ritaði fundinn. Bjarni Torfi Álfþórsson og Guðmundur Gísli Geirdal boðuðu forföll. Gestur fundarins undir lið 1 er Hrafnhildur Helgadóttir frá KPMG ytri endurskoðandi SORPU bs.

Tekið fyrir:

1. 6 mánaða árshlutauppgjör  
Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Einnig kynnti framkvæmdastjóri samanburð við áætlun. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður. Hækkandi rekstrarkostnaður endurvinnslustöðva vegna magnaukningar og launahækkana vekur athygli og gefur tilefni til að farið sé yfir þjónustusamning SORPU við sveitarfélögin um rekstur stöðvanna.
2. Kæra BTA/Biotec vegna samkeppnisútboðs gas- og jarðgerðarstöðvar  
Kynnt kæra BTA/Biotec til kærunefndar útboðsmála vegna vals á aðila sem útvegar tæknilausn fyrir gas- og jarðgerðarstöð.
3. Úrvinnslugjald vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs  
Lagt fram og kynnt minnisblað frá Mörkinni lögmannsstofu um úrvinnslugjald vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs dagsett 15.8.2016. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að kynna málið fyrir Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Úrvinnslusjóði, Umhverfis-ráðuneyti og umhverfisnefnd Alþingis.
4. Forsendur rekstraráætlunar 2017-2021  
Almennar forsendur rekstraráætlunar ræddar. Forsendur verða ræddar nánar á eigendafundi eins og venja er.
5. Næsti fundur og fundartímar stjórnar  
Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 16. september kl. 11.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 13.

Halldór Auðar Svansson  
Björn H. Halldórsson  
Sturla Þorsteinsson  
Sigrún Edda Jónsdóttir  
Sigríður Björg Einarsd.

Rósa Guðbjartsdóttir  
Karen Halldórsdóttir  
Bjarni Hjarðar  
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir